



Reykjavík, 4. apríl 2025

MSS25010153

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veikindahlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs 23. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veikindahlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar:

*Vísað er til fundargerðar endurskoðunarnefndar dags. 16. desember 2024, þar sem lagt var fram svar mannaúts- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn endurskoðunarnefndar um veikindahlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2021- 2024. Óskað er upplýsinga um áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar vegna veikinda starfsfólks, sundurliðað fyrir hvert ár tímabilið 2021-2024. Jafnframt er óskað upplýsinga um það með hvaða hætti er áætlað fyrir veikindum starfsfólks í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025. Loks er óskað upplýsinga um það, með hvaða hætti Reykjavíkurborg hyggst bregðast við fyrirbyggjandi veikindahlutföllum sem eru töluvert yfir veikindahlutföllum hjá Kópavogsbæ og einkageiranum.*

Mannaúts- og starfsumhverfissvið óskaði eftir upplýsingum frá fjármála- og áhættustýringarsviði um áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar vegna veikinda starfsfólks árin 2021-2024 og með hvaða hætti áætlað er fyrir veikindum í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025.

Í töflu 1 má sjá upplýsingar um reiknaðan kostnað sviða vegna veikinda árin 2021, 2022, 2023 og 2024 og hvernig áætlað er fyrir veikindum starfsfólks í fjárhagsáætlun 2025. Kostnaður árin 2021-2024 er reiknaður kostnaður við veikindafjarvistir starfsfólks. Kostnaður er fundinn með því að taka heildar veikindahlutfall og margfalda með launum og launatengdum gjöldum, yfirvinna er undanskilin og því ekki gert ráð fyrir afleysingum vegna veikinda. Því er hér um að ræða reiknaðan heildarkostnað, hvort sem keypt er afleysing eða ekki. Í dálkinum “Áætlun 2025” má sjá það fjármagn sem ætlað er til að dekkja kostnað við veikindi. Þar er einungis horft til kostnaðar vegna veikinda þar sem nauðsynlegt er að kaupa afleysingar svo sem vegna lögbundinnar þjónustu. Miðlæg svið gera ekki ráð fyrir kostnaði vegna kaupa á afleysingum fyrir veikt starfsfólk.



Reykjavík



### Reiknaður kostnaður v. veikinda 2021-2024 og áætlaður kostnaður v. afleysinga 2025

Svið	Reiknaður kostnaður 2021	Reiknaður kostnaður 2022	Reiknaður kostnaður 2023	Reiknaður kostnaður 2024	Áætlun 2025
Miðlæg *	176.849.765	210.898.081	239.835.756	213.162.700	
USK	252.250.776	342.740.543	303.188.187	291.809.478	
MÍR	168.879.582	258.744.131	225.001.962	241.989.109	150.000.000
VEL **	1.285.632.462	1.825.771.785	1.782.188.338	1.927.395.356	1.157.135.863
SFS	2.431.785.349	3.464.759.742	3.376.740.591	3.503.680.203	2.350.000.000
<b>Samtals</b>	<b>4.315.397.934</b>	<b>6.102.914.282</b>	<b>5.926.954.834</b>	<b>6.178.036.846</b>	<b>3.657.135.863</b>

\* PON, MOS, RHS og FAS

\*\* Tölur VEL í áætlun 2025 eru birtar með fyrirvara um nálgun: í útreikningi skammtímaveikinda að ekki er gerður greinarmunur á yfirvinnutímum sem áætlaðir eru vegna veikinda eða yfirvinnutímum sem eru vegna tímavinnustarfsmanna. Einhverjir tímar eru inni í þessu mati sem tilheyra starfsmönnum í tímavinnu t.d. vegna utankjarnaþjónustu. Stuðnings- og stoðþjónustu, ásamt hjúkrunarheimilum var "filteruð" út úr þessu mati þrátt fyrir að vissulega séu eh. tímar áætlaðir v. veikinda þar, en langmest af yfirvinnu er áætluð vegna tímavinnustarfsfólks. ")

Reykjavíkurborg vinnur markvisst að því að stuðla að heilsuefningu og draga úr veikindafjarvistum starfsfólks. Stöðugt er verið að skoða með hvaða hætti er að hægt að styðja enn betur við stjórnendur og starfsfólk. Endurskoðuð [viðverustefna Reykjavíkurborgar](#) var samþykkt í borgarráði þann 28. september 2023. Í viðverustefnu eru lagðar línur varðandi fjarvistir starfsfólks (aðrar en orlof) og stjórnendum er leiðbeint um meðhöndlun veikindafjarvista, bæði skammtíma og langtíma. Markmið viðverustefnunnar er að styðja við og hlúa að starfsfólki vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma og draga úr veikindafjarvistum með markvissum aðgerðum

Í kjölfar nýrrar viðverustefnu hóf borgin að nota kvarða sem nefnist Bradford kvarði sem auðveldar stjórnendum að skilgreina hvaða starfsfólk er mjög oft með skammtímaveikindi, en talið er að meira sé hægt að hafa áhrif á þau veikindi með umhyggju og aðhaldi stjórnenda. Kvarðinn dregur fram hverjir eru oft veikir en í stuttan tíma í einu. Um leið var hafið átak í þjálfun stjórnenda í framkvæmd svokallaðra viðverusamtala, en þau eru tekin við starfsfólk sem mælist hátt á þessum Bradford kvarða. Yfir 330 stjórnendur hafa frá haustinu 2023 lokið þriggja tíma vinnustofu í viðverustjórnun, og margir í viðbót hafa kynnt sér stafræna fræðslu um efnið í Torginu. Í kjölfarið fá stjórnendurnir boð um handleiðslu í framkvæmd samtalanna og innleiðingu viðverustjórnunar almennt. Allt starfsfólk hefur aðgang að fræðslu um Bradford kvarðann og getur þá kynnt sér hvað hann þýðir. Á næstunni er fyrirhugað að opna fyrir aðgengi starfsfólks sjálfs að þessum kvarða í gegnum sjálfþjónustu, en hann er reiknaður út í tímaskráningarkerfinu Vinnustund.

Samstarf við trúnaðarlæknisþjónustu er einnig mikilvægur þáttur í að stemma stigu við veikindum, en það snýr einkum að langtíma veikindum. Algengasta ástæða komu til trúnaðarlæknis er að fá starfshæfnimat í kjölfar veikinda sem hafa varað í 3 mánuði eða lengur, og er lögð áhersla á að endurkoma til starfa sé ekki heimiluð fyrr en starfshæfni er staðfest af trúnaðarlækni, enda endurnýjast veikindaréttur opinberra starfsmanna mjög hratt eftir slíka endurkomu.



Í september 2023 var samþykkt í borgarráði í fyrsta sinn [heilsustefna fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg](#). Í framtíðarsýn heilsustefnunnar er meðal annars lögð áhersla á andlega og félagslega heilsu og á jafnræði í aðgengi starfsfólks að heilsueflandi úrræðum. Eitt af meginmarkmiðum heilsustefnunnar er síðan að styðja við andlega heilsu og vellíðan starfsfólks, með forvarnastarfi, stuðningi og fræðslu, meðal annars með jöfnu aðgengi að sértækri aðstoð á því sviði fyrir allt starfsfólk borgarinnar. Vorið 2024 var í því samhengi opnað fyrir þjónustu stuðnings- og ráðgjafateymis starfsfólks, en megingilgangur þess er að styðja við andlega og félagslega líðan starfsfólks. Gögn sýna að um 1/3 hluti langtímaveikinda tengist andlegu álagi og kulnun og er vonast til að starfsemi teymisins stuðli að því að fyrirbyggja slík veikindi með snemmtæku inngrípi og stuðningi.

Virðingarfyllst,  
Lóa Birna Birgisdóttir,  
*sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs*